

Reglur Stefnis hf. um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

1. gr.

Inngangur

- 1.1. Við miðlun og framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með eignir sjóða í rekstri félagsins, leitar Stefnir hf. (hér eftir „Stefnir“ eða „félagið“) allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu. Það er af þeirri ástæðu sem Stefnir hefur sett eftirfarandi verklagsreglur, sem miða að því að tryggja vandaða framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Reglurnar eru settar í samræmi við viðeigandi lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda.

2. gr.

Gildissvið

- 2.1. Reglur þessar gilda í eftirfarandi tilvikum:
- Þegar Stefnir framkvæmir viðskipti f.h. sjóða.
 - Þegar Stefnir miðlar viðskiptafyrirmælum f.h. sjóða til framkvæmdar hjá þriðja aðila.

3. gr.

Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 3.1. Stefnir hefur gripið til ráðstafana sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd viðskipta sjóða með tilliti til viðskipta annarra sjóða og eigin viðskipta Stefnis. Fyrirmælum um viðskipti skal tafarlaust og nákvæmlega beint í réttan farveg. Fyrirmæli sem eru sambærileg skulu að jafnaði afgreidd í þeirri röð sem ákvörðun er tekin um þau og skilyrtum fyrirmælum skal komið til framkvæmdar svo fljótt sem verða má, nema eðli þeirra krefjist annars.
- 3.2. Heimilt er að safna saman viðskiptum sjóða að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- Að ólíklegt sé að samsöfnun muni í heild reynast óhagstæð einhverjum sjóði.
 - Að fylgt sé eftir fyrirfram skilgreindum viðmiðum um úthlutun fyrirmæla.
- 3.3. Óheimilt er að framkvæma eigin viðskipti Stefnis samhliða viðskiptum annarra sjóða, með samsöfnun.
- 3.4. Stefni ber að gera allar tiltækar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningar eða fjármunir viðskiptavinar, sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd fyrirmæla, sé komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi viðskiptavinar. Óheimilt er að hagnýta upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum sjóða og hefur félagið gripið til ráðstafana til að hindra að slíkt eigi sér stað.

4. gr.

Besta framkvæmd viðskiptafyrirmæla

- 4.1. Við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga eða aðrar eignir sjóða leitar Stefnir allra tiltækra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu með tilliti til eftirfarandi þátta:
- | | |
|------------------------------------|------------------------------------|
| ❖ Verðs. | ❖ Umfangs. |
| ❖ Kostnaðar. | ❖ Eðlis pantana. |
| ❖ Hraða. | ❖ Annarra þátta sem kunna að |
| ❖ Líkinda á framfylgd og greiðslu. | skipta máli í einstökum tilfellum. |

- 4.2. Við mat Stefnis á hlutfallslegu mikilvægi framangreindra þátta skal tekið tillit til:
- | | |
|--|--|
| ❖ Markmiðs viðskipta. | ❖ Einkenna pöntunar. |
| ❖ Fjárfestingarstefnu eins og hún er skilgreind. | ❖ Einkenna þeirra fjármálagerninga sem um ræðir. |
| ❖ Áhættu eins og hún er metin á hverjum tíma. | ❖ Einkenna þeirra markaða sem unnt er að beina fyrirmælum til. |
- 4.3. Heildarmat viðskiptaverðs og kostnaðar vegna viðskipta er almennt mikilvægasti þátturinn við mat á bestu framkvæmd. Þó getur, við tiltekna aðstæður, hraði, líkindi þess að af viðskiptum verði, umfang og eðli viðskipta haft aukið vægi, s.s. möguleikinn á að framkvæma viðskipt í heild sinni. Út frá því mati er ákveðið hvar og hvernig fyrirmæli eru framkvæmd þannig að sem mestar líkur verði á að af þeim leiði bestu mögulegu niðurstöður.

5. gr.

Val á mörkuðum og miðlun til þriðja aðila

- 5.1. Stefnir miðlar fyrirmælum að jafnaði til þriðja aðila til framkvæmdar. Viðskipti með óskráða fjármálagerninga munu, eðli málsins samkvæmt, eiga sér stað utan formbundinna markaða. Viðskipti með íslensk hlutabréf og skuldabréf eiga sér almennt stað á Nasdaq OMX Iceland eða á First North Iceland. Við miðlun viðskipta til þriðja aðila skal gera eðlilegar ráðstafanir til að niðurstaðan verði sem hagstæðust, m.a. með tilliti til þeirra þátta sem taldir eru upp hér að framan.

6. gr.

Eftirlit, endurskoðun og upplýsingagjöf

- 6.1. Reglulegt eftirlit er með framkvæmd reglnanna til að fylgjast með skilvirkni þeirra í framkvæmd, með það að leiðarljósi að greina galla og gera úrbætur ef tilefni er til. Þannig er stefnt að því að ná sífellt betri niðurstöðu í viðskiptum fyrir sjóði í rekstri félagsins.
- 6.2. Reglur þessar eru skoðaðar a.m.k. árlega en oftast ef ástæða er til.
- 6.3. Upplýsingar um reglurnar sjálfar og breytingar á þeim má finna á heimasíðu félagsins, www.stefnir.is.

Samþykkt af framkvæmdastjóra Stefnis hf.

23. september 2025

Jón Finnbogason